

Afgreiðslustandar

Ný stilligildi

Saga 2020.2

Stilligildi

2076: *Sameinaðir yfirgjaldaliðir fyrir komu á afgreiðslustandi.* Kommuskiptur listi af yfirgjaldaliðum sem eru sameinaðir í einn gjaldalið ef afgreiðslustandur gerir reikning og margir gjaldaliðir falla undir sama yfirgjaldalið. Einn gjaldaliður valinn og hinum hent. Val er handahófskennt. Einn gjaldaliður á hvern yfirgjaldalið. Dæmi 2,3.

Dæmi: Einstaklingur á fleiri en eina tímabókun á sama degi (fleiri en eitt form tímabókunar) og á bara að greiða eitt komugjald. Í stað þess að það sé rukkað komugjald á hverja tímabókun þá þarf einstaklingur bara að greiða eitt komugjald á reikningi. Gjaldaliðirnir eru skilgreindir með sama yfirgjaldalið „Komugjöld“ og er númer (id) yfirgjaldaliðsins sett í gildi á stilligildinu.

2077: *Afgreiðslustandur: Skipta út gjaldalið.* Ef virkt þá er gjaldaliður T_SERVICE.INT skipt út fyrir annan gjaldalið ef einstaklingur er ekki með heilsugæslu afgreiðslustands skráða sem heilsugæslu. Fyrri tala stilligildis er gildi gjaldaliðs sem er skipt út, seinni tala er gildi gjaldaliða sem settur er í staðinn.

Dæmi: Ef einstaklingur er ekki skráður á heilsugæslu er rukkað hærra komugjald og þá þarf að skipta út gjaldaliðum á afgreiðslustandinum. Í gjaldaliðum í Sögu eru búnir til tveir mismunandi gjaldaliðir, annar er komugjald fyrir einstaklinga skráða á heilsugæslustöð og hitt er komugjald fyrir einstakling sem er ekki skráður á heilsugæslu. Í gildi á stilligildinu er sett nr. Þessara gjaldaliða (id) og svo þarf að gæta þess að skrá afgreiðslustand á ákveðna heilsugæslu.

Ef einstaklingur sem ekki er skráður á heilsugæslu og notar afgreiðslustand sem er stilltur til að rukka komugjald þá mun afgreiðslustandur rukka „Koma utan heilsugæslu“ í stað komugjalds sem er rukkað fyrir einstaklinga skráða á heilsugæslu sem afgreiðslustandur er stilltur á.

Með kveðju,

Origo Heilbrigðislausnir